

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 25/95
frá 19. maí 1995**

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) og XIV. viðauka (Samkeppni)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
28/94 frá 2. desember 1994 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-
samninginn⁽¹⁾.

XIV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-
samninginn⁽²⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/46/EB frá 13. október 1994 um breytingu á tilskipun
88/301/EBE og tilskipun 90/388/EBE einkum hvað varðar gervihnattafjarskipti⁽³⁾ skal felld
inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi bætist við í 3. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE) í XI.
viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 339, 29. 12. 1994, bls. 87 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 53, 29. 12. 1994, bls. 18.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 68.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 268, 19. 10. 1994, bls. 15.

- 394 L 0046: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/46/EB frá 13. október 1994 (Stjtið. EB nr. L 268, 19. 10. 1994, bls. 15).“.

2. Eftirfarandi neðanmálsgrein bætist við með hliðsjón af tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE:

„(1) Skráð hér eingöngu í upplýsingaskyni. Að því er varðar beitingu, sjá XIV. viðauka.“.

2. gr.

1. Eftirfarandi bætist við í 12. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/301/EBE) í XIV. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„ , eins og henni var breytt með:

- 394 L 0046: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/46/EB frá 13. október 1994 (Stjtið. EB nr. L 268, 19. 10. 1994, bls. 15).“.

2. Eftirfarandi bætist við í 13. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/388/EBE) í XIV. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„ , eins og henni var breytt með:

- 394 L 0046: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/46/EB frá 13. október 1994 (Stjtið. EB nr. L 268, 19. 10. 1994, bls. 15).“.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 94/46/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 19. maí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Sucker